

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2007.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	39.665 13.256
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	49.502 16.573
c) Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	66.075 39.665
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	33.042 9.940
e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	39.665 13.256
f) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	19.776 8.230
g) Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	33.063 16.573
h) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	33.063 9.940
i) Öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	23.093 9.940
j) Röntgentæki til efnarannsóknna og öryggisgæslu fyrir hvert tæki til viðbótar	19.776 6.633
2. <i>Geislalækningatæki</i> fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	46.299 13.256
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir</i> Rannsóknastofa í flokki A Rannsóknastofa í flokki B Rannsóknastofa í flokki C	52.818 39.665 26.409
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i> Nifteindalindir fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila aðrar lokaðar geislalindir fyrir hverja eins lind til viðbótar: 4 eða færri til viðbótar á sama stað fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	33.032 13.256 26.409 8.230 6.633
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i> Filmumælingar, fyrir hverja filmu	546

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a.	Leyfi vegna nýrra tækja	8.230
b.	Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.633
2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatekja:</i>	
	Leyfi vegna nýrra tækja og breytinga	6.633
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	9.940
b.	Aðrar geislalindir	8.230
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i	Flokkur A	13.256
ii	Flokkur B	9.940
iii	Flokkur C	6.633
b.	Árleg endurnýjun	
i	Flokkur A	7.169
ii	Flokkur B	6.633
iii	Flokkur C	4.913

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks falla í gjalddaga 15. dags næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2006 falla í gjalddaga 1. mars 2007.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.602 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

